

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1983.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 0,70 fyrir hvert kg en lágmarksgjald er kr. 700.
- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 4 200, að viðbættum kr. 0,09 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast ennfremur fargjöld skoðunarmanna og dagpeningar samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skrifleg próf kr.	Verkleg próf kr.
Einkaflugmaður	280	280
Atvinnuflugmaður I og II	420	560
Atvinnuflugmaður III, fyrir hverja námsgrein	70	420
Blindflugsréttindi	420	560
Flugkennararéttindi	350	420
Flugumsjónarmaður	350	

- 2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðist kr. 140.

Almenn ákvæði.

- 3.1 Gjöld fyrir verkleg prófskírteini flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar, Reykjavíkurflugvelli. Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 475 12. ágúst 1982 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1983.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.